

From: Jenný Steinarsdóttir <jenny.steinarsdottir@frn.is>
Sent: Tuesday, April 16, 2024 10:47 AM
To: Samband Íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Cc: Kolbrún Erna Magnúsdóttir <kolbrun.erna.magnusdottir@samband.is>
Subject: Ósk um tilnefningar í starfshóp um lóðir fyrir einingabyggðir

Tilvísun í mál: FRN24030068

Samband íslenskra sveitarfélaga

Ósk um tilnefningar í starfshóp um lóðir fyrir einingabyggðir

Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf er kveðið á um að í samræmi við flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna eigi Ísland að taka vel á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd sem eru í hættu og eiga rétt á að komast í skjól.

Fjöldi þeirra sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi hefur farið vaxandi síðustu tvö ár og þykir nauðsynlegt að bregðast við þeirri aukningu sem og að bæta aðbúnað umsækjenda. Einn þáttur í slíkri aðgerð er að hefja undirbúning að því að reisa sérstakar einingabyggðir fyrir umsækjendur.

Ráðherra hefur ákveðið að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að greina og leggja til lóðir fyrir uppbyggingu nýrra einingabyggða fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Starfshópurinn verður skipaður fulltrúum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, innviðaráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Skipulagsstofnun, Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Formaður hópsins verður skipaður án tilnefningar. Lögð er áhersla á að starfshópurinn hafi í störfum sínum víðtækt samráð við aðra haghafa.

Hér með er óskað eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa til setu í starfshópnum og einn til vara. Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í starfshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar, ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða, berist ráðuneytinu sem fyrst en fyrsti fundur hópsins er áætlaður 29. apríl nk. og gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en 15. júní 2024. Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í hópnum af hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðherra,



Jenný Steinarsdóttir, sérfræðingur / Special Advisor

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour

Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing